

Sþ. 456. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Aðdragandi.

Á árinu 1971 hóf bankastjórn Seðlabankans máls á því við bankaráð, að útgáfa sérstakra minnispeninga væri verðugt framlag Seðlabankans í sambandi við hátíðarhöld í tilefni 1100 ára afmælis Íslands byggðar á árinu 1974. Var í framhaldi af þessu þegar hafinn undirbúningur slíkrar útgáfu, og var málið kynnt bæði ríkisstjórn og Þjóðhátíðarnefnd 1974, og fékk það góðar undirtektir beggja aðila. Var síðan hafist handa um undirbúning myntútgáfunnar, en nánar er skýrt frá framkvæmd myntsláttunnar og sölu myntarinnar í greinargerð bankastjórnar Seðlabankans, sem fylgir hér með sem fylgiskjal II.

Sala þjóðhátíðarmyntarinnar hófst vorið 1974, og gekk hún mjög vel. Lokauppgjör á sölutekjum var miðað við 31. desember 1975, og voru hreinar sölutekjur umfram allan kostnað taldar vera 337 millj. kr. miðað við uppgjörsdag. Af þessari fjárhæð var ákveðið að leggja 300 millj. kr. í sérstakan sjóð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Mismuninum er ætlað að standa undir ýmsum öðrum kostnaði, svo sem síðar mun að vikið.

Ráðstöfun hagnaðar af þjóðhátíðarmynt.

Áður en til útgáfu þjóðhátíðarmyntar kom var rækilega rætt um það, hversu ráðstafa skyldi þeim arði, sem af útgáfunni yrði. Tók bankaráð og bankastjórn Seðlabankans þegar þá afstöðu, að óeðlilegt væri, að bankinn tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um ráðstöfun svo mikilla fjármuna, þótt enginn vafi léki á því, að hér væri í raun um tekjur bankans að ræða og útgáfan væri gerð að frumkvæði hans. Hins vegar þótti rétt, að bankinn gerði tillögur um ráðstöfun fjárens, en ákvörðunarvald í því efni yrði í höndum ríkisstjórnar og Alþingis. Í samþykkt bankaráðsins um þetta efni sagði svo:

„Stjórn Seðlabankans mun í lok þjóðhátíðarársins afhenda ríkisstjórninni allan ágóða af útgáfu minnispeninganna með tillögum sínum um að honum verði varið til þess að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur fengið í arf.“

Var þessi tillaga rædd við ríkisstjórnina, og hlaut hún þar góðar undirtektir, en frekari ákvörðunum í málinu frestað, þangað til vitað væri, hver ágóðinn af sölunni yrði.

Málið var svo tekið upp að nýju í viðræðum milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar í lok ársins 1974 og gerði bankastjórnin þá ríkisstjórninni grein fyrir þeirri megingintillögu sinni, að stofnaður yrði sérstakur sjóður af ágóða þjóðhátíðarmyntarinnar, en megingintilgangur hans yrði sá, sem að framan er lýst. Þar sem nokkur hluti hinnar sérrunnu myntar var þá óseldur, var fyrirsjáanlegt, að endanlegt uppgjör á söluhagnaði mundi dragast. Þótti því ekki tímabært að ræða frekar um skipulag sjóðsins á því stigi málsins. Hins vegar var á það bent af hálfu forsætisráðherra, að æskilegt væri að nokkrum hluta ágóðans yrði varið til þess að greiða ýmsan kostnað vegna þjóðhátíðarinnar, sem ekki höfðu reynst nægar fjárveitingar fyrir.

Hinn 10. desember 1976 gerði svo stjórn Seðlabankans opinberlega grein fyrir þeim hagnaði, sem orðið hafði af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar, og skýrði um leið frá tillögum þeim, sem hún óskaði að gera varðandi verkefni og skipulag Þjóðhátíðarsjóðs. Í tillögunum er gert ráð fyrir, að fjárhæð sjóðsins verði 300 millj. kr., og hefur forsætisráðuneytið í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið samið þá skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Greiðsla kostnaðar vegna þjóðhátíðar.

Svo sem að framan getur taldi ríkisstjórnin eðlilegt, að nokkrum hluta ágóðans af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar yrði varið til þess að greiða ýmsan kostnað vegna þjóðhátíðarinnar, sem ekki var annað fé til að mæta. En nokkurn hluta þessa fjár hafði ríkissjóður lagt út umfram fjárveitingar.

Í samræmi við þetta og fyrir tilmæli forsætisráðuneytisins hefur Seðlabanki Íslands greitt eftirstöðvar vegna þjóðhátíðarhaldsins 1974 af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar. Fyrir árslok 1976 greiddi bankinn 39 088 794 kr. sem sundurliðast þannig: Gjábakkavegur 25 414 505 kr., Sögusýning 9 675 289 kr. og Íslandskvikmynd 3 999 000 kr. Jafnframt hefur Seðlabankinn á þessu ári greitt 15 000 000 kr. af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar til þeirra aðila, sem standa að byggingu Sögueldarbæjar í Þjórsárdal, en það fé á að nægja til að ljúka þeirri framkvæmd. Alls hefur bankinn þá greitt 54 088 794 kr. vegna þjóðhátíðarinnar, og hefur hluti þeirrar fjárhæðar komið af vöxtum af Þjóðhátíðarsjóðnum á árinu 1976, svo þær greiðslur skerða ekki stofnfé hans.

Um fjárhagslega niðurstöðu á þjóðhátíðarhaldinu 1974 er það almennt að segja, að skuld Þjóðhátíðarnefndar 1974 við ríkissjóð í ársbyrjun 1977 var 47 384 160 kr. Við lyktir á störfum sínum skilaði nefndin ýmsum birgðum upp í skuld sína við ríkissjóð. Bókfært verð þeirra birgða, sem að mestum hluta eru postulínsvörur, var 48 563 621 kr. Hefðu birgðir selst á bókfærðu verði, væru nettó-skil nefndarinnar við ríkissjóð jákvæð um 1 179 461 kr. Í skuldatölu nefndarinnar eru 4 656 480 kr., sem greiddar höfðu verið vegna Sögu Íslands, en eðlilegt virðist, að skuldatalan sé lækkuð um þá upphæð, þar sem ritun sögunnar er ekki lokið en útgáfa hennar á að standa undir þessum kostnaði. Með þessum hætti reiknað eru nettó-skil nefndarinnar við ríkissjóð jákvæð um 5 835 941 kr. Nokkuð af birgðum nefndarinnar hefur þegar verið selt. Ákveðið hefur verið, að Innkaupastofnun ríkisins, sem hefur þessar birgðir í vörslu sinni, auglýsi nú lokadag á sölu postulínsplatta, sem settir voru á markað sem minjagripir, og verði síðan það magn, sem óselt er eftir þann dag, tekið af almennum markaði og þannig frá því gengið, að söfnunargildi hinna seldu muna haldist.

Í greinargerð, sem forsætisráðuneytið fékk frá fyrrverandi framkvæmdastjóra Þjóðhátíðarnefndar 7. febrúar 1977, segir, að þegar metin sé afkoma þjóðhátíðarhaldsins sé nauðsynlegt að hafa í huga, að tollar og söluskattur af heildarinnflutningi nefndarinnar hafi numið tæpum þrjátíu milljónum króna. Fyrir minnispeninga, sem nefndin gaf út, hafi þessi gjöld numið 14.2 millj. kr. Síðan segir, að fjárveitingar til nefndarinnar samkvæmt fjárlögum allan þann tíma, sem hún starfaði, muni ekki

hafa náð 5 milljónum króna samtals. Hins vegar hafi heildarútgjöld nefndarinnar samkvæmt reikningsyfirliti í febrúar 1975 numið 142 milljónum króna, þegar dreginn hafi verið frá kostnaður við gerð Gjábakkavegar og vaxtagjöld vegna víxilláns til hans, en Gjábakkaveg taldi nefndin aldrei til háttíðarkostnaðar. Samkvæmt sama yfirliti höfðu þá verið greiddar rúmar 107 milljónir króna til ríkisféhirðis, sem voru tekjur Þjóðhátíðarnefndar, og aflað hafði verið með minjagripasölu að langstærstum hluta. Þjóðhátíðarnefnd hafði enga fjármunasýslu með höndum eftir að reikningsyfirlit þetta var gert.

Verkefni Þjóðhátíðarsjóðs.

Í þeirri skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, sem fylgir hér sem fylgiskjal I, er sjóðnum ætlað það meginhlutverk að vinna að varðveislu þeirra miklu verðmæta menningar og náttúru, sem Íslendingar hafa fengið í arf. Á síðari tímum hafa menn vaknað til meðvitundar um það, að hinar ótrúlega öru tæknibreytingar nútímans eru að eyða fyrir augum okkar óbætanlegum menningararfi og spilla mörgum fegurstu stöðum landsins. Þó reynt hafi verið að spyrna við fótum með vaxandi framlögum og verndunaraðgerðum af hálfu ríkis og annarra aðila, blandast vafalaust engum hugur um þau miklu verkefni, sem hér eru óunnin. Mun því þessi nýi sjóður vafalaust hafa ærnu hlutverki að gegna.

Við skilgreiningu á verkefni sjóðsins hefur einkum verið haft tvennt í huga. Í fyrsta lagi er rétt að afmarka ekki hlutverk sjóðs sem þessa svo þröngt, að til бага geti orðið, því erfitt er að sjá fyrir, hvar skórinn muni helst kreppa í framtíðinni. Í öðru lagi hefur þó þótt rétt að taka út úr tvö verkefni, þar sem um óvenjumikla fjárförf verður að ræða á næstu árum, ef hamla á móti örrí og vaxandi eyðileggingu. Er hér annars vegar um að ræða náttúruvernd, en hins vegar varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta, sem dreifð eru um allt land. Er ætlað að binda einn fjórða af ráðstöfunarfé sjóðsins til hvors þessa verkefnis fyrir sig. Í fylgiskjölum III — V er að finna greinargerðir, sem samdar hafa verið af hálfu Náttúruverndarráðs, Þjóðminjasafns Íslands og Húsafriðunarnefndar, og er þar nánar gerð grein fyrir verkefnum þessara aðila og þörf þeirra fyrir aukið fjármagn til að sinna aðkallandi varðveislustarfi.

Hinum helmingnum af ráðstöfunarfé sjóðsins mundi stjórn hans úthluta í samræmi við meginmarkmið hans, og koma þá einnig til greina viðbótarfjárframlög til fyrrgreindra verkefna. Af þessu fé gæti síðurinn m. a. veitt styrki til opinberra safna, þ. á m. Landsbókasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar, en báðum þessum stofnunum er oft þörf sérstakra viðbótarframlaga, t. d. til kaupa á handritum, fágætum bókum og til varðveislu og viðgerðar á dýrgripum, sem liggja undir skemmdum. Það mundi einnig vera innan starfsvettvangs Þjóðhátíðarsjóðs að styrkia ýmsa söfnun aðra, er miðaði að því að varðveita upplýsingar um menningu fyrri kynslóða, og má þá t. d. nefna söfnun gamalla gripa bæði á vegum Þjóðminjasafns og annarra safna, söfnun sagnfræðilegra heimilda, upplýsinga um þjóðhætti og hvers konar munnlega geymd. Styrkir úr sjóðnum til úrvinnslu og rannsókna á slíkum gögnum og útgáfu rita um þau efni mundu einnig koma til álita. Úrptalningu sem þessa ber þó ekki að skoða sem tilraun til tæmandi tilgreiningar á starfssviði og verkefnum sjóðsins, heldur frekar til leiðbeiningar um það, hver meginverkefni muni væntanlega verða.

Ávöxtun sjóðsins, skipulag og stjórn.

Gert er ráð fyrir því, að Þjóðhátíðarsjóður verði ávaxtaður í Seðlabankanum, og verði reynt að láta hann njóta hagkvæmstu ávöxtunarkjara. Ekki þykir ástæða til þess að setja ákveðnari reglur um ávöxtun sjóðsins í stofnskrá, en hugsanlegt væri, að einhver hluti af fjármagni sjóðsins yrði ávaxtaður með lánum til ríkissjóðs í því skyni að fjármagna framkvæmdir, sem eru menningarlega mikilvægar og

standa nærri verksviði sjóðsins. Hefur ríkisstjórnin m. a. í huga, að til greina komi, að Þjóðhátíðarsjóður veiti lán til þess að fjármagna fyrsta áfanga byggingar Þjóðar-bókhlöðu, sem er orðin aðkallandi framkvæmd, sem vafalaust nýtur mikils stuðnings á Alþingi. Verði um slíkar lánveitingar að ræða, er hins vegar eðlilegt, að þær verði með kjörum, sem séu ekki lakari en þau, sem sjóðurinn getur best fengið með öðrum hætti.

Heimilt er að ráðstafa árlega öllum tekjum sjóðsins til styrkveitinga. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að ganga á eða skerða stofnfé hans. Verði sjóðurinn t. d. ávaxtaður miðað við þau kjör, sem nú gilda um vaxtaaukareikninga, mundi árlegt ráðstöfunarfé nema um 66 millj. kr.

Lagt er til að sjóðsstjórn verði skipuð fimm mönnum og skulu þrír þeirra kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ákveður bæði, hve miklu fé verði varið til styrkveitinga hverju sinni og hverjir styrkina skuli hljóta. Ber hún í einu og öllu ábyrgð á stefnu sjóðsins og starfsemi, Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, annar kostnaður greiðist af sjóðnum sjálfum, en stjórn hans verður ólaunuð.

Fylgiskjal I.

SKIPULAGSSKRÁ FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐ

Sjóðurinn heitir Þjóðhátíðarsjóður.

Stofnfé hans er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynd í tilfni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Forsætisráðuneytið hefur í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands samið eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 300 000 000 — þrjú hundruð milljónir króna —, sem er ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyndar í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmstu kjörum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

- a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
- b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns.

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megingilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem getið er í liðum a) og b).

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn skipaðir til fjögurra ára. Þrír skulu kjörnir af Sameinuðu Alþingi, einn skal tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar skulu kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Annar kostnaður greiðist úr sjóðnum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal með þingsályktun heimildar Alþingis til að setja skipulagsskrá þessa. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á henni og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fylgiskjal II.

Greinargerð um þjóðhátíðarmynt og tillaga um sjóðsstofnun.

Ávarp Jóhannesar Nordals,
formanns bankastjórnar
Seðlabanka Íslands 10. desember 1976.

Mér er það sönn ánægja að mega fyrir hönd bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans bjóða gesti okkar velkomna hingað í dag. Svo sem yður er kunnugt, er tilefnið að gera grein fyrir stofnun sjóðs af þeim ágóða, sem orðið hefur af sölu þjóðhátíðarmyntar 1974, og tillögum bankans um ráðstöfun hans. En áður en að því kemur, þykir mér við eiga að rekja sögu máls þessa stuttlega.

Undirbúningur að útgáfu þjóðhátíðarmyntar hófst á árinu 1971 en þá var ákveðið, að útgáfa sérstakrar myntar, ásamt hátíðarútgáfu af handbókinni ICELAND, skyldi vera framlag Seðlabankans til hátíðarhalda í minningu 1100 ára afmælis

Íslands byggðar. Hafði bankastjórnin frá upphafi samráð um málið bæði við ríkisstjórn og Þjóðhátíðarnefnd 1974, sem sýndi málinu mikinn áhuga. Á árinu 1972 fór fram hugmyndasamkeppni um gerð þjóðhátíðarmyntar, og urðu tillögur Þrastar Magnússonar, teiknara, fyrir valinu. Sá hann um endanlega hönnun myntarinnar í samráði við Royal Mint í London. Jafnframt var rækilega kannað í samvinnu við erlenda sérfræðinga, hvaða myntstærðir væru heppilegastar til sölu og hverjir solumöguleikar væru erlendis. Var að lokum ákveðið að gefa út þrjú peninga, 10 þús. kr. gullpening, tvo silfurpeninga, 1000 kr. og 500 kr. að nafnverði. Rúmlega helmingur upplagsins skyldi vera venjuleg slátta, en hinn hlutinn sérunnin slátta, er seld yrði yfir nafnverði. Mun ég ekki rekja gerð myntarinnar frekar hér, enda upplýsingar um það öllum tiltækar.

Sala þjóðhátíðarmyntarinnar hófst 4. apríl 1974, og var hún til sölu bæði hér innan lands og erlendis, þar sem Royal Mint annaðist sölu hennar og dreifingu. Gekk salan vel, og voru allar gerðir hennar uppseldar um miðjan ágúst það ár, nema hinir sérunnu silfurpeningar. Reyndist sala þeirra erlendis heldur tregari en vonir stóðu til, og var því ákveðið að minnka upplag þeirra lítið eitt, frá því sem upphaflega var ákveðið.

Lokaupplag myntarinnar var sem hér segir. Slegnir voru 20 þús. gullpeningar, þar af 8 þús. sérunnir peningar og 111 þús. silfurpeningar af hvorri stærð, en af þeim voru 41 þús. sérunnir. Að nafnverði var verðgildi þjóðhátíðarmyntarinnar 366.5 millj. kr., en miðað við verð á innanlandsmarkaði var heildsöluandvirði að meðtöldum umbúðum og yfirverði á sérunninni mynt samtals 524 millj. kr. Rúmlega tveir þriðju hlutar myntarinnar voru seldir hér innan lands, en nokkur hluti þeirrar sölu var til erlendra aðila, er keyptu af íslenskum myntsölum. Mun láta nærri, að um helmingur þjóðhátíðarmyntarinnar hafi verið seldur beint á erlendan markað. Nægðu þær gjaldeyrstekjur til þess að greiða öll útgjöld vegna myntarinnar í erlendum gjaldeyri, þ. e. a. s. kaup á málm, myntsláttu- og sölukostnað.

Vegna mikilla verðbreytinga og gengisbreytinga á framleiðslu- og sölutíma myntarinnar fer mat á söluhagnaðinum að nokkru eftir forsendum um umreikning á milli mynta. En samkvæmt heildaruppgjöri, sem samþykkt hefur verið af bankaráði, eru hreinar sölutekjur umfram allan kostnað taldar vera 337 millj. kr. miðað við uppgjörssdag, sem var 31. desember 1975. Með tilliti til þess, að einhver frekari kostnaður getur orðið vegna innlausnar á mynt og fleiru, og bankinn hefur fallist á að taka þátt í ýmsum óuppgerðum kostnaði vegna þjóðhátíðarinnar eftir nánara samkomulagi við ríkisstjórnina, hefur verið ákveðið að 300 millj. kr. af þessum söluhagnaði skyldu lagðar í sérstakan sjóð til varðveislu í Seðlabankanum og til frekari ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar. Er þessi fjárhæð í góðu samræmi við þær hugmyndir, sem bankastjórnin hafði fyrirfram gert sér um væntanlegan hagnað af myntútgáfunni.

Þar sem þetta er í fyrsta skipti, sem Seðlabankinn hefur ráðist í útgáfu sérstakrar minningarmyntar í ágóðaskyni, hlaut það að vera nokkurt álitamál, hversu með ráðstöfun hagnaðarins skyldi farið af Seðlabankans hálfu. Tók stjórn bankans þetta mál til meðferðar og umræðu við ríkisstjórnina þegar í lok ársins 1973 og áður en í útgáfu myntarinnar var endanlega ráðist. Leiddi þetta til eftirfarandi meginniðurstöðu.

Annars vegar taldi stjórn bankans óeðlilegt, að hún tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um að verja svo miklum fjármunum til þarfa utan við verksvið bankans, enda þótt enginn vafi leiki á um formlega eignaraðild að þessu fé. Var því ákveðið, að bankinn gerði tillögur um þetta efni til ríkisstjórnarinnar, sem síðan tæki endanlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins.

Hins vegar lagði bankastjórnin þá þegar fram þá hugmynd við ríkisstjórnina, að væntanlegum hagnaði yrði „varið til að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf“, eins og það er orðað í samþykkt bankaráðsins.

Var þessum hugmyndum vel tekið af ríkisstjórninni, en engar formlegar ákvarðanir voru þá teknar í málinu, en að því stefnt, að endanlegar tillögur bankans yrðu lagðar fyrir ríkisstjórnina, þegar sölu myntarinnar væri lokið og uppgjör lægi fyrir. Nú er allt þetta farsælega til lykta leitt og því tími kominn til þess, að formlega verði gengið frá ráðstöfun þess fjár, sem fyrir hendi er og ég hef þegar gert grein fyrir. Vil ég leyfa mér að rekja nánar tillögur bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans í þessu efni. Falla þær í tvo meginþætti, annars vegar ákvörðun stjórnar bankans um stofnun sjóðs og ávöxtun hans, en hins vegar tillögugerð til ríkisstjórnarinnar um hlutverk sjóðsins og stjórn.

Að því er fyrra atriðið varðar, hefur bankaráð Seðlabankans nú að tillögu bankastjórnarinnar ákveðið að stofna sérstakan sjóð af ágóða af útgáfu Þjóðhátiðarmyntar. Nefnist hann Þjóðhátiðarsjóður og er stofnfé hans 300 millj. kr.

Seðlabankinn sér um varðveislu sjóðsins og mun leitast við að ávaxta hann með sem hagkvæmstum kjörum. Er heimilt að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við hlutverk hans, eins og það verður ákveðið í stofnskrá. Einnig skal heimilt, ef sjóðsstjórn telur það æskilegt, að ganga á höfuðstól sjóðsins, en þó aldrei meira en sem nemur einum tíunda árlega af upphaflegu stofnfé hans.

Stjórn Seðlabankans vill jafnframt óska eftir því við hæstvirta ríkisstjórn, að hún setji sjóðnum sérstaka stofnskrá, þar sem kveðið verði á um hlutverk hans og stjórn. Jafnframt leyfir hún sér að gera eftirfarandi tillögur um meginefni stofnskrárinnar.

- 1) Hlutverk Þjóðhátiðarsjóðs verði að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf. Ákveðið verði í stofnskrá, að tiltekinn hluti af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs, en annar fastur hluti til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Að öðru leyti ráðstafi stjórn sjóðsins fjármunum hans til styrkveitinga í samræmi við megingiltgang sjóðsins, og komi þar einnig til greina viðbótarstyrkir til áður nefndra þarfa.
- 2) Lagt er til, að stjórn sjóðsins skipi þrjú menn. Verði einn tilnefndur af ríkisstjórn Íslands, einn af Háskóla Íslands, en hinn þriðji af Seðlabankanum. Forsetisráðherra skipi formann sjóðsstjórnar.
- 3) Hlutverk sjóðsstjórnar verði að ákveða, hversu miklu fé skuli verja til styrkveitinga á ári hverju innan þeirra marka, sem áður greinir. Einnig ráðstafi hún fé sjóðsins til styrkveitinga, en ákvarðanir stjórnarinnar um það efni taki þó ekki gildi, nema að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra.
- 4) Leitast verði við að tryggja, að styrkir úr Þjóðhátiðarsjóði verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Áður en ég lýk þessu máli mínu, langar mig til þess að styðja þær tillögur, sem ég hef nú flutt um ráðstöfun Þjóðhátiðarsjóðsins, nokkrum frekari rökum. Okkur, sem í stjórn Seðlabankans sitjum, er vissulega ljóst, að víða er fjár vant til framgangs góðra mála, svo að margar aðrar þarfir hefðu getað komið til álita. Tvennt réð þó öðru fremur þeirri tillögugerð, sem ég hef lýst. Í fyrsta lagi er hér ekki um svo mikla fjármuni að ræða, að þeir geti komið að verulegu gagni, nema notkun þeirra sé takmörkuð við tiltölulega þröngt svið. Í öðru lagi hafa þessar tekjur orðið til í beinu tilefni Þjóðhátiðar til minningar um 1100 ára byggð á Íslandi, hátíðar, sem fyrst og fremst hafði þann tilgang að minna núlifandi kynslóð á þann arf, sem ellefu alda búseta forfedra okkar í landinu hefur fært okkur í hendur. Réttlætning slíkra hátíðahalda hlýtur einkum að vera sú að hvetja til ræktarsemi við þann menningararf, sem er undirstaða sjálfstæðis íslendinga í dag.

og við það land, sem fóstrað hefur þjóð okkar allar þessar mörgu aldir og okkur er skylt að rækta og vernda um ókomna tíð. Það var einmitt slík ræktarsemi, sem Alþingi sýndi með samþykkt landgræðsluáætlun á Þingvöllum sumarið 1974, og mun væntanlega síðar staðfesta með byggingu þjóðarbókhöfu.

Enn biða þó ótal verkefni, ef við viljum sýna landi okkar og menningu þá rækt, sem skylt væri. Um allt land eru þjóðarminjar og gömul menningarverðmæti að eyðast og falla fyrir tímans tönn og nýjum síðum, og mörg eru þau náttúruvé, sem skylt væri að friðlýsa og varðveita ósnortin fyrir komandi kynslóðir. Að þessum og þvílíkum verkefnum vonum við, að hægt verði að vinna af meiri þrótti og með betri árangri fyrir atbeina þess sjóðs, sem nú er verið að stofna.

Fylgiskjal III

NÁTTÚRUVERNÐARRÁÐ.

Greinargerð um verkefni Friðlýsingarsjóðs.

Árið 1973 kom til athugunar að taka þátt í margra þjóða myntútgáfu til stuðnings náttúruvernd. Átti ég nokkur viðtöl um það mál við Seðlabankann en þessháttar myntútgáfa hefði orðið að vera á hans vegum. Sá aðili erlendur, sem til þessa vildi stofna, var World Wildlife Fund. Í þessum umræðum kom í ljós að fyrirhugað var að gefa út þjóðhátíðarmynt 1974, og var ekki talið ráðlegt að Ísland bendlaði sig við nokkra aðra myntútgáfu um svipað eða sama leyti. Kom þá einnig fram hjá bankastjórn Seðlabankans, að ætlunin var að bankinn beitti sér fyrir því að riflegur hluti af ágóðanum af sölu þjóðhátíðarmyntar gengi til náttúruverndar.

Í tillögum Seðlabankans, sem að sjálfsögðu hafa mótast smátt og smátt, er nú gert ráð fyrir því, að $\frac{1}{4}$ af fé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs á vegum Náttúruverndarráðs, og þá einnig ráðgert að veita megi viðbótarstyrki í sama skyni af öðru fé sjóðsins, sem ekki er bundið til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta, á vegum Þjóðminjasafns. Það er meginstefta nýju náttúruverndarlaganna að tengja saman náttúruvernd og útivistarmál, vernda fagra staði og svæði og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að menn fái notið þess sem friðað er. Ætlunin er að tengja þjóðina sem best við landið þótt þéttbýli aukist og færri og færri séu því tengdir landinu beint við dagleg störf eins og áður var. Þá er einnig hugsunin sú, að varðveita með friðun skemmtileg svæði, gróður og dýralíf, eftir því sem nauðsyn ber til vegna óhjákvæmilegra breytinga sem nútíma framkvæmdalífi fylgja. Almennt er nú viðurkennt að þetta þurfi að gera og að framkvæmdir af þessu tagi séu nauðsynlegur liður í lífi menningarþjóða. Verður því að ætla hæfilegt fé til þeirra framkvæmda, sem þarna þurfa að koma til.

Ríkisstjórn og Alþingi hafa sýnt þessu máli skilning og hefur verið veitt fé til starfrækslu Náttúruverndarráðs á þann veg, að töluvert hefur verið hægt að gera af því, sem ekki hefur haft verulegan stofnkostnað í för með sér, og sérstaklega hefur einnig verið veitt fé til uppbyggingar í þjóðgarðinum í Skaftafelli, sem þjóðin hefur þegar haft mikla ánægju af.

Á hinn bóginn hefur ekki reynst tiltækilegt að veita verulegt fé til Friðlýsingarsjóðs, sem á að standa undir stofnkostnaði við framkvæmdir. Hefur ekkert í hann safnast, og til hans eru áætlaðar 5.5 milljónir á þessa árs fjárlögum. Þá eru veittar 7 milljónir til framkvæmda í Skaftafelli, og 3 milljónir í Jökulsárgljúfrum. Hrekkur þetta að sjálfsögðu skammt til þess að halda megi áfram framkvæmdum á þessu sviði með hóflegum hraða, og framundan eru brýn verkefni. Það veltur því mjög mikið á því að ríkisstjórn og Alþingi fallist á tillögu Seðlabankans um þjóðhátíðarsjóðinn. Það er þýðingarmikið atriði í tillögunni, að sett verði í stofnskrá sjóðsins að $\frac{1}{4}$ af fé hans gangi til Friðlýsingarsjóðs vegna þess að friðunarframkvæmdir,

sem hafa stofnkostnað í för með sér, t. d. landkaup og byggingar, þarf að undirbúa mjög vel, og oft á löngum tíma, og að þeim því ekki hægt að standa skynsamlega nema vissa um fjármagn sé framundan.

Í framhaldi af þeim upplýsingum sem ég hef gefið Seðlabankanum í sambandi við undirbúning þessa máls, þykir rétt að láta í té eftirfarandi yfirlit um framkvæmdir í þessari grein á næstu árum, sem nú þegar eru á undirbúnings- og umræðustigi:

1. **Landkaup:** Þjóðgarðar skulu vera á ríkislandi. Síðasta áratug hafa tvær jarðir verið keyptar til slíkra nota, Skaftafell í Örafum og Ás í Kelduhverfi. Á umræðu- eða undirbúningsstigi eru þessi mál:
 - A) **Undir Jökli.** Svæðið frá Dagverðará að Gufuskálum er nú óbyggt, nema vitavörður er á Malarrífi. Brýnt er að koma upp einum þjóðgarði við sjávarsíðuna og er þetta svæði vel til þess fallið, fagurt og sérkennilegt með afbrigðum. Þarna eru nokkrar jarðir í einkaeigu, sem þyrftu að komast í þjóðareign, til að þjóðgarðshugmyndin komist í framkvæmd.
 - B) **Jökulsárgljúfur.** Stækkun þjóðgarðs austan Jökulsár. Falast hefur verið eftir jarðahlutum í því skyni. Kæmi þá gljúfradalurinn allur inn í þjóðgarðinn.
 - C) **Skaftafell.** Stækkun þjóðgarðs, og þá með því að fá hluta af Núpsstaðarlandi til viðbótar. (Núpsstaðarskógur, Grænalón og umhverfi o. s. frv.)
 - D) **Brynjudalur—Botnsdalur.** Mikill áhugi er á því að land í dölum þessum komi að verulegu leyti til almenningsnota og friðunar vegna þéttbýlisins við Faxaflóa.
 - E) **Þingvallasvæðið.** Ráðstafanir á Þingvallasvæðinu, vegna þess að þar þurfa að koma til vaxandi útivistarafnot í almannabágu. Er hér átt við allt umhverfi Þingvallavatns, og liggja fyrir tillögur frá samkeppni, sem fram fór um hugmyndir að nýtingu svæðisins, þ. á m. til útivistar og búskapar. Yrðu hér að koma til landkaup einhver, ef vel ætti að vera, og svo annar stofnkostnaður.
 - F) **Friðlýst svæði, (friðlönd, náttúruvætti)** eru mörg á löndum í einkaeigu. Komi til, að þessháttar lönd séu boðin til sölu, getur staðið þannig á, að nauðsynlegt væri að geta hagnýtt takmarkaðan forkaupsrétt Náttúruverndarráðs. Sama er að segja um lönd á náttúruminjaskrá.
2. **Framkvæmdir í þjóðgördum:** Um þær segir í náttúruverndarlögum 25. grein. „Í þjóðgördum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll.“ Þar kemur til m. a.:
 - A) **Skaftafell.** Náttúruverndarráð hefur komið upp þjónustumiðstöð, þ. e. tjaldsvæðum, snyrtihúsi, gæslumannaíbúðum, bílastæðum o. s. frv. Eftir er að leggja göngustíga, girða og koma göngubrú á Morsá. eru þetta talsvert kostnaðarsamar framkvæmdir.
 - B) **Jökulsárgljúfur.** Þar má nú heita að allt sé ógert. Þjónustumiðstöð þar, hliðstæð þeirri í Skaftafelli, er efst á framkvæmdaskrá ráðsins. Hefur henni verið valinn staður og er hún í hönnun. Þá verður að reisa lítið gæslumannahús í Vesturdal, og gera bílastæði. Göngubrú á Jökulsá er nauðsynleg. Mundi opnast stórfelld gönguleið báðum megin ár, einnig tengd Ásbyrgi.
 - C) **Aðrir þjóðgarðar.** Í þeim yrði að koma upp hliðstæðum búnaði og í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum.
3. **Fjölsótt friðlönd og önnur svæði (friðuð).** Náttúruverndarráð hefur friðlýst um fjörutíu svæði á landinu. Sum er allstór svæði, en önnur náttúruvætti. Sum

Þessara svæða eru þjóðgarðsigildi, þótt ekki séu formlega þjóðgarðar og koma undir stjórn ráðsins með friðlýsingu skv. 24. gr. náttúruverndarlaga. Er kappkostað að hafa samvinnu um rekstur þessara svæða við Ferðafélag Íslands, Ferðamálaráð o. fl. Hefur ráðið lagt nokkuð af rekstrarfjárveitingu sinni til kostnaðar vegna útivistar almennings, svo sem gæslu, gróðurverndar, leiðbeininga o. fl.

Óhjákvæmilegt er að leggja í stofnkostnað á þessum svæðum, en það hefur ekki verið hægt að neinu marki vegna fjárskorts. Þarna koma til tjaldsvæði með bílastæðum, snyrtiaðstaða, mengunarvarnir, merking og lagning gönguleiða, o. fl.

Þau svæði, sem hér er um að ræða, eru m. a. þessi:

Landmannalaugar og umhverfi þeirra.
Veiðivötn.
Hveravellir á Kili.
Nýidalur (Jökuldalur) við Sprengisandsleið.
Herðubreiðarlindir og Askja.
Þórsmörk, Goðaland og nágrenni.
Vatnsfjörður á Barðaströnd.
Hornstrandir (norðan Skorarheiðar).
Lakagígar.
Eldgjá.
Hvannalindir og umhverfi þeirra.
Lónsöræfi og Þórisdalur í Lóni.
Búðahraun á Snæfellsnesi.
Mývatnssveit.

4. **Girðingar um friðlönd.** Reynt er að komast sem mest hjá því að girða friðlönd. Stundum verður það þó ekki umflúið, og er framundan að girða sem hér segir:

Friðland við Gullfoss, 4 km.
Friðland í Búðahrauni, 6 km.
Við náttúruvættið Dímu í Lóni, 2 km.
Friðland á Halldórsstöðum í Laxárdal, u. þ. b. 10 km.
Í Skaftafelli, 12 km (sjá um þjóðgarða að framan).

5. **Mývatn—Laxá.** Með lögum er Skútustaðahreppur og Laxá ásamt 200 m breiðum spildum á bökkum hennar friðlýst með sérstökum hætti. Framkvæmd þessara laga kostar fé, og er veitt til rekstrarútgjalda á fjárlögum. En þarna verður einnig að koma til stofnkostnaðar, t. d. við Grjótagjá, Dimmuborgir, Skútustaðagíga, Kálfastrandarvoga, Slútnes o. fl., vegna aðsóknar á þessa staði, þá verður að leggja í stofnkostnað til verndar fuglalífi.
6. **Rannsóknir.** Með fyrrgreindum lögum var stofnuð náttúruvannsóknarstöð við Mývatn. Er brýnt að bæta aðstöðu hennar. Stöðin er rekin í samvinnu við Háskólann. Til greina kemur að koma upp hliðstæðri aðstöðu víðar á landinu.
7. **Gönguleiðir.** Útivist og umgengni við landið fylgir mikið og sumstaðar gífurlegt álag á eftirsóttustu stöðum, einkum á hálendinu. Stefna Náttúruverndarráðs er að dreifa þessu álagi á sem flesta staði, en forðast að loka aðlaðandi svæðum. Mikilvægur liður í þessu er að stuðla sem mest að gönguferðum. Þetta er einnig liður í baráttunni gegn skemmdaakstri utan vegaslóða.

Hér verða til að koma gönguskálabyggingar á löngum leiðum, göngubrýr á hættuleg vatnsföll, leiðamerkingar o. fl. Að þessu er vikið í 27. grein náttúruverndarlaga. Er ætlan ráðsins að hafa samráð við ferðafélög og Ferðamálaráð um skipulagningu gönguleiða, einkum í óbyggðum. Þyrfti ráðið að geta lagt talsvert af mörkum af sinni hálfu til framkvæmda af þessu tagi á næstu árum.

Hér hefur nokkuð verið talið af verkefnum, sem unnið er að, og sem fyrirhuguð eru á næstu árum. Upptalning þessi er þó að sjálfsögðu ekki tæmandi. Hún sýnir þó hve brýnt er að tillaga Seðlabankans nái fram að ganga. Mundi það fjármagn, sem fengist úr Þjóðhátíðarsjóði, hjálpa til að koma nokkrum skriði á þessi mál, þótt skammt hrykki að sjálfsögðu til að framkvæma það, sem æskilegt væri að koma í verk.

Ég vil að lokum færa forráðamönnum Seðlabankans sérstakar þakkir mínar og Náttúruverndarráðs fyrir þann skilning á nauðsyn umhverfis- og náttúruverndar, sem fram kemur í tillögum þeirra um Þjóðhátíðarsjóðinn, og vænti þess, að ríkisstjórn og Alþingi fallist á þessar tillögur.

Eysteinn Jónsson
form. Náttúruverndarráðs

Fylgiskjal IV.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Greinargerð um minjavernd.

Í tilefni af því að nú liggur fyrir að gera skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð leyfi ég mér að leggja fram eftirfarandi minnispunkta varðandi fornminjavernd á Íslandi og það verkefni sem framundan er án þess þó að grein sé gerð fyrir einstökum dæmum.

Hlutverki Þjóðminjasafns Íslands er lýst í Þjóðminjalögum, nr. 52 19. maí 1969. Því má í stórum dráttum skipta í tvær megingreinar, sem eru næsta ólíkar þótt skyldar séu. Annars vegar er Þjóðminjasafnið safnstofnun, þar sem menningararfi þjóðarinnar er ætlað að birtast í skýrri mynd með varðveislu alls konar ápreifanlegra hluta, atvinnutækja og listgripa, og sérfræðilegri rannsókn þeirra í því skyni að almenningur hafi þeirra sem best not. Hins vegar er svo fornminjavarsla og verndun og viðhald merkilegra húsa og annarra mannvirkja úti um landið allt. Má því segja að starfsemi safnsins snúi inn á við, að því sjálfu, og út á við, að föstum þjóðminjum sem bundnar eru við sína staði í landinu. Þessar tvær greinar eru í mörgum löndum aðskildar og heyrta hvor undir sitt embætti, en hér hjá oss er Þjóðminjasafninu ætlað hvort tveggja.

Hér verður lítt fjallað um þá hliðina sem inn á við snýr. Þar bíða mörg verkefni eins og verða vill í öllum söfnum. Eitt þeirra er að setja aukinn kraft á söfnun þjóðháttaheimilda, en að öðru leyti er þar ekki bráð hætta á ferðum eða annað það sem kallar umsvifalaust á mikið fjármagn til að bægja frá einhverjum voða.

Öðru máli gegnir um þá hliðina sem út snýr, minjavörsluna úti um landið. Húsafriðun er hér mjög brýnt úrlausnarefni sem alls ekki verður sinnt svo að viðhlítandi sé nema með tilkomu mikilla fjármuna. Um það efni vísa ég til greinargerðar Harðar Ágústssonar sem hann hefur skrifað fyrir hönd Húsafriðunarnefndar, sem ætlað er mikilsvert hlutverk samkvæmt áður nefndum Þjóðminjalögum frá 1969. Það sem ekki heyrir undir hana er aftur á móti minjavernd eða fornminjavernd úti um allt land, sem Þjóðminjasafninu er ætlað að annast samkvæmt lögnum og hér skal stuttlega gerð nokkur grein fyrir.

Sem fylgiskjal með þessari greinargerð leyfi ég mér að leggja ljósrit af þeim kafla Þjóðminjalaga sem um fornleifar fjallar, svo og stuttan kafla um fornleifavörslu úr inngangi dr. Kristjáns Eldjárns að bók hans Hundrað ár í Þjóðminjasafni.

Í fornleifalögum frá 1907 er gert ráð fyrir að landið verði kannað með tilliti til fastra fornleifa sem að dómi sérfróðra manna á að friðlýsa og ekki má hröflla nema eftir þeim heimildum sem löggin ákveða. Slíkt hið sama viðgengst í öllum

menningarlöndum. Bersýnilegt er að til þess að þessi starfsemi nái tilgangi sínum þarf að kanna allt landið rækilega frá þessu sjónarmiði, gera friðlýsingar eftir því sem þurfa þykir og síðan líta eftir að þær haldi. Eftir gömlu fornleifalögunum voru margir staðir friðlýstir og gefin út friðlýsingarskjöl, enda eru flestir þeirra enn við lýði svo sem vera ber, en þó hefur of oft komið fyrir að friðlýsingin hefur ekki enst til verndar og ber margt til þess, ekki síst það að ekki voru þegar í stað sett upp friðlýsingarmerki. Og hinu verður ekki heldur neitað að landið var langt-um of lítið kannað frá minjavörslusjónarmiði til þess að tilgangi væri náð.

Rétt er að taka skýrt fram að starfsmenn safnsins hafa alla tíð reynt eftir megni að endurskoða friðlýsingar og bæta nýjum við þegar þeir hafa haft til þess tíma, og fyrir um það bil 15 árum var útbúið friðlýsingarmerki sem sett hefur verið upp á mörgum friðlýstum stöðum. En allt hefur þetta starf verið unnið eftir því sem færi hefur gefist á ferðalögum, en kerfisbundin könnun og friðlýsing hefur aldrei verið gerð, hvorki eftir hinum eldri né nógildandi lögum.

Nú hefur það lengi verið augljóst að við svo búið má ekki standa. Það verður að hefjast handa um skipulega könnun og skrásetningu fastra fornminja og friðlýsingu eftir því sem við á. En til þess vantar hvort tveggja í senn, mannskap og peninga. Núverandi fámennst starfslíð safnsins fær með engu móti orkað að koma þessu í framkvæmd, og því fer mjög fjarri að safnið hafi nauðsynlegu fjármagni yfir að ráða. En verkefnið er að allra dómi, sem til þekkjja, svo brýnt að það má ekki lengur dragast úr hömlu. Það sem fyrir liggur er í stuttu máli þetta: Að endurskoða allar friðlýsingar fastra fornminja, skrásetja aðrar sem nokkru máli virðast skipta og dæma um hvort friðlýsa skuli, enn fremur líta eftir því framvegis að friðlýsing haldi, í sumum tilvikum jafnvel kaupa rétt til að friðlýsa þær, þegar svo er ástatt að friðlýsing veldur eiganda lands sýnilegu tjóni.

Hér er ekki verið að tala um eiginlegar fornleifarannsóknir með uppgrefti. Að sjálfsögðu telur safnið sér skylt að beita sér fyrir slíku eftir efnum og ástæðum. Þakkarvert væri að hafa meiri mannafla og fé til þeirra hluta og stundum má kalla slíkar rannsóknir hluta af minjavörslunni, eins og t. d. þegar fornleifar koma í ljós við mannvirkjagerð og nauðsynlegt er að rannsaka þær þegar í stað ef þær eiga ekki að hverfa að öllu óathuguðu. Er hér þó fyrst og fremst verið að hugsa um minjavörslu.

Ekki þarf að rökstyðja hve kostnaðarsöm umrædd endurskoðun um landið allt hlýtur að verða. Það liggur í augum uppi. En væru peningar fyrir hendi, væri hægt að virkja ýmis öfl til að koma verkinu í framkvæmd og gætu menn þar lagt hönd á plóg yfir sumartímann þótt ekki væru þeir fastráðnir starfsmenn safnsins, en að sjálfsögðu væri verkið unnið undir þeirra stjórn. Eins og fjármálum Þjóðminjasafnsins nú er háttað er þess lítil von að ríkið telji sig geta lagt því til viðbótar alla þá fjármuni sem endurskoðun þessi og skráning kallar á. Það væri því hið mesta fagnaðarefni ef möguleikar opnuðust til að fá úr annarri átt fjármuni til að hrinda þessu verki af stað og fylgja því eftir.

Gísli Gestsson,
settur þjóðminjavörður.

Úr Þjóðminjalögum nr. 52 19. maí 1969.

Fornleifar.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

10. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

11. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

13. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, uns fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

15. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

16. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

ÚR BÓKINNI HUNDRAÐ ÁR Í ÞJÓÐMINJASAFNI
EFTIR DR. KRISTJÁN ELDJÁRN

Fornleifavarsla.

Nú skal vikið að nokkrum viðfangsefnum Þjóðminjasafnsins, öðrum en safnmennsku og sýningarstarfsemi. Er þar fyrst að nefna fornleifavörslu. Hinn 16. nóvember 1907 undirritaði konungur lög um verndun fornminja (nr. 40/1907). Með þeim var stofnað embætti þjóðminjavarðar, og skyldi hann annast almenna verndun fornminja í landinu, bæði staðbundinna og lausra. Jafnframt segja lög, að hann skuli vera forstöðumaður Forngripasafnsins. Um safnið er annars lítið í lögum þessum, og enn eru engin sérstök lög til um það. Samkvæmt fornminjalögum ferðaðist Matthías Þórðarson á löngu árabili um allt Ísland og skráði kirkjugripa í öllum kirkjum landsins og friðlýsti fastar fornminjar, sem hann taldi, að varðveitast skyldu til komandi tíma. Þessi skrásetning og friðlýsing var meðal helstu stórvirkja Matthíasar, og er einkum kirkjugripaskrá hans mikið afrek. Fornminjar margar friðlýsti hann eftir lýsingum hinna fyrri fornfræðinga, Sigurðar Vigfússonar, Brynjúlfs Jónssonar frá Minnanúpi og Kr. Kálunds. Síðan hefur það alltaf verið í verkahring Þjóðminjasafnsins að halda þessari friðlýsingu í horfi, endurskoða einstaka staði og bæta við nýjum. Þó er nú svo komið, að mikil þörf er á allsherjar endurskoðun á öllu þessu verki, kanna að nýju hvern friðlýstan stað og ganga úr skugga um, að honum sé ekki hættu búin, og leysa ef til vill suma úr friðunarböndum. Enn fremur þarf að ganga betur og skýrar frá friðlýsingu kirkjugripa og þeim skyldum, sem forráðamenn kirkna hafa í því sambandi. Er hér fyrir höndum mikið verkefni, sem brýna nauðsyn ber til að vinna á næstu árum.

Fylgiskjal V.

HÚSAFRIDUNARNEFND

Greinargerð um verkefni Húsafriðunarnefndar.

Eins og kunnugt er boðaði bankaráð Seðlabanka Íslands til fundar þann 10. des. síðastliðinn til að „gera grein fyrir stofnun sjóðs af þeim ágóða, sem orðið hefur af sölu þjóðhátiðarmyntar 1974, og tillögum bankans um ráðstöfun hans“ eins og segir í ræðu dr. Jóhannesar Nordals bankastjóra Seðlabankans er flutt var við þetta tækifæri. Í máli bankastjórans kom einnig fram að bankaráð legði til við ríkisstjórn Íslands að hagnaði af sjóðnum yrði „varið til að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf“. Ennfremur er óskað eftir því við ríkisstjórnina að „tiltekinn hluti af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins gangi til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs, en annar fastur hluti til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns“.

Húsafriðunarnefnd fagnar því að umrædd tillaga skuli fjalla um fjárhagslegan stuðning við húsverndarmál og telur að með tilkomu slíkra fjárveitinga muni stórum léttu þeim þunga róðri sem varðveisla menningarminja hefur verið til skamms tíma. Með nokkrum sanni má segja að í þessum efnum séum við Íslendingar langt á eftir grannþjóðum okkar. Auðvitað á það sér sínar skýringar. Þjóðin öðlast ekki sjálfstæði fyrr en á þessari öld og hafði þá lengi vel tæpast bolmagn til að vinna að húsverndarmálum svo sem þurft hefði. En vissulega var þó starfið þegar hafið með stofnun Þjóðminjasafns. Hitt er brýnna að taka fram að nútíma þjóðlífshættir urðu með mun sneggra móti hér en í nágrenni okkar og því var meiri hættu á að það sem fyrir var af góðum og gildum menningarverðmætum færi í súginn. Ennfremur

var það byggingarefni, er hérlendis var einkum notað, endingarverra en víðast hvar annarsstaðar. Það er því óhætt að fullyrða að gífurlegt verk sé óunnið í húsverndarmálum hérlendis.

Gerð hefur verið á vegum Húsafriðunarnefndar forkönnun á því hvað brýnast er að vinna að í náginni framtíð svo að hin merkustu menningarverðmæti fari ekki í súginn. Samkvæmt skrá sem hér fylgir eru það ekki færri en 174 mannvirki. Hér við bætist svo önnur sem friða eða vernda þarf vegna frumkvæðis eða ábendinga annarra. Það er nefnilega langt í frá að rannsakað hafi verið til fulls hvað til muni vera af menningarmínjum sem skilyrðislaust ber að varðveita.

Til þess að gera ofurlitla grein fyrir umfangi verksins sem bíður Húsafriðunarnefndar þykir rétt að skilgreina ofurlitið nánar hvernig vinna ber að þessum málum:

1. Fyrst þarf að gera sér grein fyrir hvað þarf að friða. Til þess er nauðsynlegt að vinna að yfirlitsrannsókn á þeim húsmenningararfi sem til er í landinu.
2. Í annan stað er brýnt að rannsaka viðkomandi hús þegar friðað er, mæla það upp og skrá sögu þess.
3. Í þriðja lagi þarf að veita fé til endurgervingar að einhverju eða öllu leyti.
4. Þá er nauðsynlegt að Húsafriðunarnefnd hafi frumkvæði að sögulegri rannsókn, yfirlits- eða sérathugunum, á íslenskri húsagerð og að lokum
5. Að fá slíkar rannsóknir útgefnar.

Enn sem komið er hefur Húsafriðunarnefnd engan starfskraft, en fékk á síðastliðnu ári umráð yfir Húsafriðunarsjóði. Vissulega var sjóðurinn kærkomið framlag, en miðað við hin miklu verkefni, sem bíða og hér hefur verið lýst, getur sjóðurinn ekki sinnt þeim nema að hluta til. Því telur Húsafriðunarnefnd sjóðstofnun á horð við þá, sem stjórn Seðlabankans hefur haft frumkvæði að og lýst hefur verið hér að ofan, muni verða mikilsvert framlag til eflingar menningarmínjavörslu á Íslandi og bæta að mun aðstöðu Húsafriðunarnefndar til að ná því marki er henni er sett.

f. h. Húsafriðunarnefndar
Hörður Ágústsson
settur formaður

SKRÁ HÚSAFRIDUNARNEFNDAR YFIR HÚS, SEM LAGT ER TIL AÐ VARÐ-
VEITT VERÐI EÐA FRIDUÐ Í NÁINNI FRAMTÍÐ

A eða B friðun.

Forgangsflokkur

Torfhús, borgir og byrgi:	Timburhús í Reykjavík:
1. Bæjardyr á Reynistað í Skagafirði.	1. Frikirkjuvegur 1
2. Hlóðaeldhús að Syðra-Skörðugili, Skaga- firði.	2. — 3
3. Gömlu bæjarhúsin að Hólum, Eyjafirði.	3. Frikirkjan.
4. Hlóður tvær, hesthús, smiðja, skemma og hjallur að Núpsstað, V.-Skaftafellssýslu.	4. Frikirkjuvegur 11
5. Fjárnborgir tvær að Húsagarði, Holtum, Rangárvallasýslu.	5. Tjarnargata 18
6. Gömlu bæjarhúsin ásamt útihúsum að Húsum, Holtum, Rangárvallasýslu.	6. — 20
7. Bæjarhús að Eystra-Meðalholti, Gaul- verjabæ, Árnessýslu.	7. — 22
	8. — 24
	9. — 26
	10. — 28
	11. — 32
	12. — 33
	13. — 37
	14. — 38
	15. — 40
Timburkirkjur:	16. Bernhöftsbakari, ásamt íbúðarhúsi og geymslum við Bankastræti, Lækjargötu og Skólastræti.
1. Bjarnarhafnarkirkja, Snæfellsnessýslu.	17. Svonefnt Gunnlaugssenshús á horni Lækjargötu og Amtmannsstigs.
2. Skarðskirkja, Dalasýslu.	18. Gamli Iðnskólinn ásamt gamla Búnaðar- félagshúsinu á horni Vonarstrætis og Lækjargötu.
3. Hjarðarholtskirkja í Dölum, Dalasýslu.	19. Iðnaðarmannahúsið gamla, Iðnó við Vonarstræti.
4. Sauðlauksdalskirkja, Barðastrandarsýslu.	20. Skálholtsstigur 6
5. Grundarkirkja í Eyjafirði, Eyjafjarðar- sýslu.	21. — 7
6. Húsavíkurkirkja, Þingeyjarsýslu.	22. Þingholtsstræti 11
7. Hálskirkja í Fnjóskadal, Þingeyjarsýslu.	23. — 12
8. Kirkjubæjarkirkja í Hróarstungu, N.- Múlasýslu.	24. — 13
9. Berufjarðarkirkja, S.-Múlasýslu.	25. — 14
	26. — 15
Steinkirkjur:	27. — 16
1. Hvalsneskirkja, Gullbringusýslu.	28. — 20
2. Þingeyrakirkja, Húnavatnssýslu.	29. — 21
	30. — 23
	31. — 24
	32. — 25
Steinhús:	33. — 26
1. Nesstofa, Seltjarnarnesi.	34. — 27
2. Sómastaðabærinn, S.-Múlasýslu.	35. — 29
3. Gamla prestssetrið Sauðanesi, N.-Þing- eyjarsýslu.	36. Stýrimannastigur 2
	37. — 5
Timburhús utan Reykjavíkur og Akureyrar:	38. — 6
1. Hjálmarshús, Flateyri, V.-Ísafjarðarsýslu.	39. — 7
2. Vindmylla, Vigur, N.-Ísafjarðarsýslu.	40. — 8
3. Gömul verslunarhús í Neðstakaupstað, Ísafirði.	
4. Fyrrum íbúðarhús Otto Wathne á Seyðis- firði.	
5. Langabúð, Djúpvogi, S.-Múlasýslu.	

41. Stýrimannastígur 9
42. — 10
43. — 11
44. — 12
45. — 14
46. — 15
47. Öldugata 23
48. Ránargata 28
49. Vesturgata 37

Steinhús í Reykjavík:

1. Austurstræti 9
2. — 11, Landsbanki Íslands.
3. — 16
4. Pósthússtræti 2, Eimskipafélag Íslands.
5. — 3
6. — 5, Aðalpósthúsið.
7. Frikirkjuvegur 7, Glaumbær.
8. — 9, Kvennaskólinn.
9. Tjarnargata 30
10. — 34
11. — 35
12. — 36

Hús til frekari athugunar:

Torfhús, borgir og byrgi

Bæjarhús:

1. Leikskálar í Haukadal, Dalasýslu.
2. Þórormstunga í Vatnsdal, Húnavatns-sýslu.
3. Barkarstaðir í Svartárdal, Húnavatns-sýslu.
4. Guðlaugsstaðir í Blöndudal, Húnavatns-sýslu.
5. Tungunes í Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
6. Auðnir í Sæmundarhlíð, Skagafirði.
7. Skarðsá í Sæmundarhlíð, Skagafirði.
8. Vellir í Seyluhreppi, Skagafirði.
9. Tyrfingsstaðir í Kjálka, Skagafirði.
10. Bóla í Blönduhlíð, Skagafirði.
11. Viðines í Hjaltadal, Skagafirði.
12. Hofstaðasel, Skagafirði.
13. Lækjarbakki í Hörgárdal, Eyjafjarðarsýslu.
14. Atlastaðir í Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
15. Grænavatn í Mývatnssveit, Þingeyjarsýslu.
16. Laugasel í Reykjadal, Þingeyjarsýslu.
17. Vesturhús, Hofi, A.-Skaftafellssýslu.
18. Skál á Síðu, V.-Skaftafellssýslu.
19. Skaftárdalur, Skaftártungu, V.-Skaftafellssýslu.

Hlöður:

1. Flatatunga í Kjálka, Skagafirði.
2. Kolkuós, Skagafirði.
3. Svínafell í Örfæfum, A.-Skaftafellssýslu.
4. Eystri-Skógar, Rangárvallasýslu.

Fjós:

1. Krossanes á Tjörnesi, V.-Húnavatnssýslu.

Fjánhús:

1. Sturluflöt í Fljótsdal, S.-Múlasýslu.
2. Drangshlíð undir Eyjafjöllum, Rangárvallasýslu.
3. Húsar, Holtum, Rangárvallasýslu.

Hesthús:

1. Dalur í Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.
2. Skammadalshóll, Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.

Skemmur:

1. Breið, Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.
2. Víkur á Skaga, Skagafirði.
3. Ás í Fellum, N.-Múlasýslu.

Smiðjur:

1. Engihlíð í Langadal, A.-Húnavatnssýslu.
2. Skefilsstaðir í Laxárdal, Skagafirði.
3. Skaftafell, Bölti, Örfæfum, A.-Skaftafellssýslu.

Hjallar:

1. Bjarneyjar, Breiðafirði.
2. Vatnsfjörður, N.-Ísafjarðarsýslu.
3. Gauthamarsvík, Steingrímsfirði, Strandasýslu.
4. Almennigur, Vatnsnesi, V.-Húnavatnssýslu.
5. Skefilsstaðir, Laxárdal, Skagafjarðarsýslu.
6. Hnappavellir, Örfæfum, A.-Skaftafellssýslu.

Fjárborgir:

1. Selvogsheiði, Árnessýslu.
2. Syðri-Rauðalækur, Holtum, Rangárvallasýslu.

Réttir:

1. Tyrfingsstaðir, Kjálka, Skagafjarðarsýslu.
2. Stóra-Heiði, Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu.

Timburkirkjur:

1. Fitjar, Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.
2. Hvammur, Norðurárdal, Mýrasýslu.
3. Setberg, Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.
4. Dagverðarnes, Fellsströnd, Dalasýslu.

5. Snóksdalur, Dalasýslu.
 6. Nauteyri, Ísafjarðarsýslu.
 7. Staður í Steingrímsfirði, Strandasýslu.
 8. Kaldrananes, Bjarnarfirði, Strandasýslu.
 9. Vesturhóphólar, Húnavatnssýslu.
 10. Blönduós, Húnavatnssýslu.
 11. Keta, Skaga, Skagafjarðarsýslu.
 12. Knappsstaðir, Fljótum.
 13. Glæsibær, Eyjafjarðarsýslu.
 14. Lögmannshlíð, Eyjafjarðarsýslu.
 15. Bakki, Öxnadal, Eyjafjarðarsýslu.
 16. Vellir, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
 17. Tjörn, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
 18. Urðir, Svarfaðardal, Eyjafjarðarsýslu.
 19. Möðruvellir, Hörgárdal, Eyjafjarðarsýslu.
 20. Möðruvellir fram, Eyjafjarðarsýslu.
 21. Munkaþverá, Eyjafjarðarsýslu.
 22. Hólar, Eyjafjarðarsýslu.
 23. Illugastaðir, Fnjóskadal, Þingeyjarsýslu.
 24. Einarstaðir, Aðalreykjadal, Þingeyjarsýslu.
 25. Svalbarð, Þistilfirði, Þingeyjarsýslu.
 26. Skeggjastaðir, Múlasýslu.
 27. Hjaltastaðir, Múlasýslu.
 28. Heydalir, Múlasýslu.
 29. Berunes, Múlasýslu.
 30. Berufjörður, Múlasýslu.
 31. Stafafell í Lóni, Skaftafellssýslu.
 32. Prestbakki á Síðu, Skaftafellssýslu.
 33. Langholt, Meðallandi, Skaftafellssýslu.
 34. Breiðabólstaður, Fljótshlíð, Rangárvallasýslu.
 35. Keldur á Rangárvöllum, Rangárvallasýslu.
 36. Tungufell, Hreppum, Árnessýslu.
 37. Stóri-Núpur, Hreppum, Árnessýslu.
 38. Miðdalur, Laugardal, Árnessýslu.
 39. Kirkjuvogur, Höfn, Gullbringusýslu.
- Steinkirkjur:
1. Þingeyri við Dýrafjörð, Ísafjarðarsýslu.
 2. Þverá í Laxárdal, Þingeyjarsýslu.
 3. Landakirkja, Vestmannaeyjum.